

**Ræða**  
**frú Elizu Reid**  
**við brautskráningu kandidata**  
**frá**  
**Háskólanum á Akureyri**  
**10. júní 2017**

Ágæti rektor,  
Mennta- og menningarmálaráðherra,  
útskriftarnemendur,  
vinir og vandamenn,  
aðrir góðir gestir.

Ég óska ykkur til hamingju með þennan stóra áfanga. Og þakka ykkur fyrir að bjóða mér hingað til að taka þátt í hátíðarhöldunum.

Mér fannst mjög gaman að vera í háskóla. Ég lærði alþjóðasamskipti í litlum háskóla með um 1200 nemendur, hann heitir Trinity College og er hluti af University of Toronto sem er stór skóli í Toronto miðri, stærstu borg Kanada. Í ferilskránni minni stendur að það sem ég hafi lært sé alþjóðasamskipti. Og það er svo sem alveg rétt en með þátttöku minni í félagslífi lærði ég líka að afla fjár frá fyrrum nemendum skólans í þágu umhverfismála, ég lærði að flytja ræðu fyrir framan hundruð manna, lærði að vinna í teymi við skipulag viðburða auk þess sem ég lærði að skipuleggja val námskeiða þannig að ég gæti sofið út á föstudögum og aldrei misst af nýjasta *Friends* þættinum.

Þetta var allt mjög spennandi fyrir stelpu sem ólst upp á sveitabæ um 50 kílómetra frá Ottawa, höfuðborg landsins.

Okkur nemendunum fannst Trinity College alveg einstakur staður. Hefðir háskólanna í Oxford og Cambridge voru á margan hátt hafðar í heiðri og alltaf snæddum við kvöldverð í skikkju og fórum með borðbænir á latínu. Elsta málfundafélag Kanada starfaði við skólann og ég var þar fastagestur á vikulegum fundum. Ég bjó á stúdentagarði þar sem var einn garður fyrir stráka, annar fyrir stelpur og ég viðurkenni (þó að það afhjúpi að ég er örlítið eldri en flest ykkar) að þar var einn landlínusími við enda gangsins sem allir gátu notað til að taka á móti símtölum.

Matsalurinn leit út eins og sviðsmynd í Harry Potter, hann var klæddur viðarpanel, skreyttur veggteppum og málverkum af fyrrverandi rektorum. Yfir innganginum var stór klukka og yfir henni þessi áletrun: “Stundin nálgast hægt, en hverfur hratt” (á ensku: “Slow comes the hour, its passing speed how great”).

Hefur ykkur kannski stundum þótt sem dagurinn í dag mundi aldrei ætla að renna upp? Ég veit að það hefur kostað ykkur elju, úthald og mikla vinnu að ljúka verkinu. Ef þið lítið til baka, langt til baka, til fyrstu kennslustundarinnar í háskólanum, þá virtist þessi stund í dag, þegar þið takið við útskriftarskírteininu, hafa verið í órafjarlægð. En trúið mér, einn daginn verður þetta allt einsog í móðu.

Reynsla hvers og eins er einstök. Vinnan sem skilar ykkur þessum árangri er mikil og þið getið verið stolt af henni. Það er mikilvægt að gefa sér tóm til að hugsa um þennan árangur og vera stoltur af honum. Kannski var leiðin að markinu öðru vísi en þið reiknuðuð með í byrjun en það sem máli skiptir er að takmarkið náðist. Njótið þess! Brosið! Setjið status á Fésbók! Sparið ekki broskallana!

En, kæru vinir, hvað tekur nú við?

Óvissa getur verið dálítið óþægileg. Fyrir hvað hef ég eiginlega undirbúið mig með náminu? Fæ ég vinnu? Fæ ég áhugaverða vinnu? Mun ég hafa efni á að kaupa mér íbúð? Hvert liggur leiðin héðan?

Þið skulið ekki láta óvissuna hræða ykkur. Nýtið ykkur eðlislæga bjartsýni, réttlætiskennd og sanngirni. Í þessu mikla leikriti lífsins er okkur öllum ætlað hlutverk. Finnið ykkur fyrirmyndir. Verið sjálf öðrum fyrirmynd.

Þið hafið nú þegar náð langt. Þið hafið fjárfest ekki aðeins í eigin framtíð heldur framtíð okkar allra. Nú er tími til kominn að snúa sér að þeim verkefnum sem þið hafið ástríðu fyrir, taka áskorunum sem eru þess virði að þeim sé tekið. En við erum líka öll hluti af samfélagslegum sáttmála. Við hin höfum líka fjárfest í ykkur. Við höfum öll okkar skyldur, okkur ber að hjálpa hvert öðru, ber að beita kröftum okkar á jákvæðan hátt í samfélaginu.

Fyrst og fremst þurfum við að hjálpa hvert öðru. Við erum ekki ein. Ef þið sjáið ættingja, vin eða kunningja sem virðist hafa gleymt þessu atriði skuliði minna þau á það. Ef þið eruð eins heppin og ég að hafa fundið lífsförunaut skuliði vera reiðubúin að veita stuðning alveg eins og þið eigið að geta fengið stuðning úr sömu átt. Fyrir mig er það mjög skrýtin tilfinning að vera svona mikið á opinberum vettvangi vegna árangurs sem maki minn hefur náð, en ég er mjög stolt af honum og veit líka að hann sækir styrk til mín rétt eins og ég til hans.

Verðið þið stundum vör við að fólk fær öðruvísi viðmót vegna kynferðis síns, kynhneigðar eða kynþáttar? Ef menn láta slíkt óátalið eykst skeytingarleysi um misrétti. En ef einhver tekur af skarið og mótmælir slíku kemur í ljós að aðrir, sem þorðu kannski ekki að segja sitt álit, munu fylgja því fordæmi. Reynum á hverjum degi að koma einhverju jákvæðu til leiðar fyrir einhvern annan.

Horfum um stund á þetta samfélag hér. Þetta er dásamlegur staður sem þið völduð til að afla ykkur háskólamenntunar! Margbreytileiki verkefna og félaga hér á Akureyri er miklu meiri en fólksfjöldinn gefur tilefni til að ætla. Hér er mikilvæg starfsemi á t.d. sviði norðurslóðarannsóknna og nýsköpun í heilbrigðisvísindum á heimsmælikvarða. Hvert getur ykkar framlag orðið til þessa öfluga samfélags?

Hvernig getið þið bætt það? Hafið þið ástríðu fyrir listum, íþróttum, umhverfismálum, nýsköpun, stjórnun, samfélagsþjónustu, þróun, öldruðum, ungum, innflytjendum? Finnið ykkar áhugasvið, það verður okkur öllum til góðs.

Horfið á þjóð okkar. Hvað er hér vel gert? Hvað gerir ykkur stolt af að vera hluti af þessu samfélagi? Hvað má betur fara? Hvaða hlutverki getið þið gegnt í umbótum? Verið upplýst, verið virk, bjóðið ykkar fram til Alþingis eða í bæjarstjórn! Takið þátt í sjálfböðastarfi, stofnið félag!

Kæru útskriftarnemar, við megum ekki heldur gleyma jörðinni. Ég er stolt af að hafa alist upp í landi sem er þekkt fyrir að vera opið innflytjendum hvaðanæva úr heiminum, landi sem hefur jafnframt þróað hlutverk friðargæsluliða og hlaut reyndar friðarverðlaun Nóbels fyrir það. Og ég er jafnvel enn stoltari af því að hafa nú gert það land að heimalandi mínu sem er friðsælasta land í heimi og það land þar sem jafnrétti kynjanna er mest (þó að auðvitað megi alltaf bæta um betur). Það getur verið að við búum á eyju en þó er engin þjóð eyland. Ísland er ekki einangrað frá umheiminum. Það sem við höfumst að hér getur haft afleiðingar um allan hnöttinn. Við skulum stuðla að bættu ástandi jarðarinnar og velferð jarðarbúa.

Kæru vinir, ég minni á að vissulega munuð þið gera mistök á lífsleiðinni, náði kannski ekki öllum markmiðum ykkar. En þannig er það með alla. En eins og mamma mín sagði þá felst stundum lán í óláni, maður breytir líka um markmið á leiðinni. Og þá kemur til kasta viðhorfa.

Í febrúar í fyrra komst einn sonur okkur að því að árgangur hans í fótbolta mundi ekki komast á drengjamótið í Vestmannaeyjum í júní. Maðurinn minn trúði mér fyrir því síðar þennan dag að jafnvel þótt það hefði verið skemmtilegt að fara á mótið í Eyjum þá væri það vissulega kostur að nú sæi hann fram á að vera heima daginn sem forsetakosningarnar yrðu. En aðstæðurnar breyttust meira en við sáum fyrir!

Kæru vinir! Þegar börnin mín vilja ekki gera eitthvað sem þau eiga að gera eða vilja ekki fara á stað sem við ætlum að heimsækja því að það verði „leiðinlegt“ segi ég alltaf: „Ef þú ákveður fyrirfram að það verði ekki gaman, þá rætist það örugglega. En ef þú gefur því séns, ef þú er opinn fyrir því að það verði kannski bara allt í lagi, þá geturðu verið alveg viss um að það verður skemmtilegra. Það getur nefnilega orðið eins og þú heldur að það verði! En svo er auðvitað mögulegt að það verði einhvern veginn allt öðruvísi.“

Þegar þið eruð að temja ykkur jákvætt viðhorf, kæru vinir, getur það útheimt sjálfstraust. Ég missti vinnuna mína þegar ég hafði verið búsett á Íslandi í eitt ár. Ég var fullvissuð um að það var ekki sjálfri mér að kenna, það var bara vegna þeirrar stöðu sem rekstur fyrirtækisins var kominn í, en ég man að mér fannst leiðinlegt að uppgötva að íslenska orðið „uppsögn“ eða það að vera sagt upp er bæði notað um það þegar mönnum er sagt upp vegna samdráttar eða stefnubreytingar hjá fyrirtækinu (sem við köllum á ensku “laid off” eða “made redundant”) og yfir brottrekstur t.d. vegna lélegrar frammistöðu eða misferlis starfsmanns (á ensku

væri það “fired”). Vikur liðu og ég fékk neivætt svar við öllum mínum atvinnuumsóknnum eða það, sem verra var, ekkert svar. Og þá var dálítið erfitt að trúa að ég ætti framtíð fyrir mér í þessu landi. Ég þurfti tíma og félagsskap góðra vina til að halda áfram að trúa að aðrir gætu haft þá trú á mér sem ég vissi að ég hafði sjálf innst inni. (Og eins og þið sjáið er ég hér ennþá!).

Við búum öll yfir gáfum og hæfileikum og saman skapar þetta tvennt hverjum og einum sérstöðu. Við eigum öll okkar sérstöku rödd. Það er engin ástæða til að hreykja sér eða vera montinn. En þú verður að vita að það sem þú hefur fram að færa skiptir máli. Hafðu kjark til að lifa í samræmi við grundvallargildi þín, stattu í lappirnar þegar þess gerist þörf.

Sýndu samúð og vinsemd. Þið sem eruð alin upp á tíma internetsins þekkið hvernig sambönd eru stundum mynduð eða þeim slitið með einum músarsmelli (eða snertingu á skjá). Hugsaðu áður en þú tjáir þig. Ekki gefa þér neitt, ekki ætlast til neins. Ekki hamast á móti fólki, til dæmis fyrir það eitt að það langar ekki að hafa ananas á pítsunni sinni. (Mér finnst það reyndar mjög gott).

Sýndu sveigjanleika. Þú veist ekki hvað framtíðin ber í skauti sínu. Eftir kosningarnar á síðasta ári talaði ég við marga kanadíska fréttamenn. Ég var næstum alltaf spurð í fullri alvöru: „Ímyndaðir þú þér einhvern tíma, þegar þú varst að alast upp á bóndabæ í Ottawadal, að þú yrðir einn góðan veðurdag forsetafrú á Íslandi?“ Ég sem vissi varla að Íslandi var til! Ef þið hefðuð hitt mig eftir fyrstu háskólaútskriftina þá hefði ég vitað að ég var um það bil að fara að flytja til Bretlands til að fara í framhaldsnám og gerði ráð fyrir að vinna þar sennilega í nokkur ár, fara kannski í bakpokaferðalag og setjast svo væntanlega að til frambúðar í Kanada að því loknu. Aldrei hvarflaði það að mér að ég ætti eftir að búa á Íslandi, reka eigið fyrirtæki, eignast fjögur börn og eitt stjúpbarn og vera gift forseta! Hefði þótt það alger fjarstæða!

Semsgt, lærið að grípa tækifærin og gera það besta úr þeim. Ég reyni að gera það í mínu nýja hlutverki hér. Það víst óhætt að fullyrða að ég hafi komist á radarinn hjá skipuleggjendum þessa viðburðar í dag vegna þess að ég er gift þessum tiltekna manni. En engu að síður á ég mína sérstöku rödd og ég nota hana þegar tækifæri býðst.

Leyfið mér svo í lokinn að bæta við þessum litlu ráðleggingum: ekki vanmeta kraftinn sem felst í brosi og orðunum „Fyrirgefðu“.

Það eru að sönnu forréttindi að fá að taka þátt í hátíð ykkar hér í dag. Þið hafið eignast mörg verkfæri við Háskólann á Akureyri, tæki sem munu nýtast ykkur í lífinu. Og þið munuð eignast fleiri slík á vegferðinni sem framundan er. Ég er mjög spennt að sjá hvað bíður ykkar. Aftur, til hamingju.

Takk fyrir.